

Ed.

§04. Nefndarálit

um frv. til laga um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kaптúnunum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta flutti upphaflega sjávarútvegsnefnd efri deildar sem breyt-

ingu á lögum nr. 3, 13. mars 1891. En í hv. neðri deild hefir allsherjarnefnd haft málið með höndum og tekið þann kost að taka upp öll ofanefnd lög, 13. mars 1891, og bæta þar inn í þeim breytingum, sem hún vildi fallast á. En hún hefir ekki viljað fallast á:

1. að lóðir fengjust útmældar fyrir iðnað. Það hafði undirrituð nefnd tekið með, af því að iðnaður var hafður í huga í lögunum 1891 (2. gr.), og er þar settur jafn rjetthár og verslun, en nefndin getur nú fallist á að því sje slept.
2. að ákvæðin nái til veiðistöðva utan löggiltra kauptúna, nema um útmæling til sjávarútvegs sje að ræða, því að á þeim stöðum sje eigi heimilt að hefja verslun, nema gildandi lögum um það efni væri breytt. En til þess hafði sjávarútvegsnefndin ekki ætlast, um fram það sem lög heimila, og áleit ekki þurfa að taka það fram. En svo gæti þó staðið á um sveitaverslun, að sá, sem ræki hana, þyrfti í ólöggitu sjávarþorpi að fá útmælt á annari lóð en hann sjálfur hefði til ábúðar.

Þá hefir hv. neðri deild tekið í 2. gr. það ákvæði, að útmæling fari því að eins fram, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn veiti meðmæli. Á þessu þykir undirritaðri nefnd að vísu ekki þörf. En þar sem þó frv. hv. neðri deildar inniheldur þau atriði, sjávarútveginum til tryggingar, sem var aðaltilgangur vor með hinu upphaflega frumvarpi, þá viljum vjer fallast á frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, og leggja til, að hv. deild samþykki það án breytinga.

Alþingi, 5. sept. 1917.

Karl Einarsson, Kristinn Danielsson,
formaður. ritari.

M. J. Kristjánsson.